



Alþýðusamband Íslands

Greiðsluvandi heimila og aðgerðir gegn atvinnuleysi

Á nýafstöðnum aukaárfundi ASÍ var fjallað um greiðsluvanda heimilanna, hvernig verja má störfin og leggja grunn að öfluggu atvinnulíf til framtíðar. Sérstök áhersla var lögð á aðgerðir sem koma í veg fyrir að greiðslubyrði húsnæðislána vaxi fólki yfir höfuð. Útgangspunkturinn í slíkum aðgerðum á að vera, að sem flestum heimilum verði gert kleift að standa við skuldbindingar sínar þrátt fyrir tímabundna erfiðleika og að beina aðstoðinni til þeirra sem eru í mestri þörf. ASÍ hefur í samvinnu við stjórnvöld beitt sér fyrir úrræðum s.s. greiðslujöfnun verðtryggðra lána, frestun greiðslna, tímabundna frýstingu eða lengingu lána. ASÍ telur jafnframt mikilvægt að einfalda og efla núverandi kerfi húsaleigu- og vaxtabóta með því að sameina bæturnar í eitt kerfi húsnæðisbóta, hækka bótaupphæðir og draga úr skerðingum.

Framangreind úrræði gagnast flestum heimilum sem glíma við erfiðleika um stundarsakir en ljóst er að þau duga ekki til þess að taka á vanda þeirra heimila sem verst eru stödd. Því hefur ASÍ beitti sér hart fyrir að einstaklingum og fjölskyldum í miklum greiðsluvanda verði boðið upp á greiðsluaðlögun skulda, þ.m.t. veðskulda vegna íbúðarhúsnæðis. Slíkt úrræði heimilar að greiðslubyrði skulda verði aðlöguð að greiðslugetu skuldara með endurskipulagningu lána og mögulegri niðurfellingu hluta höfuðstóls af veðskuldum umfram markaðsverð fasteignar. Jafnframt telur ASÍ mikilvægt að komið verði á Bjargráðasjóði heimilanna sem hafi það hlutverk að fjármagna slíkar afskriftir skulda og önnur þau úrræði sem komið verði á fót. Þar verði sérstaklega horft til unga fólksins sem nýlega keypti sína fyrstu eign.

Bráðaaðgerðir gegn atvinnuleysi

Atvinnuástand hefur ekki verið verra í áratugi. ASÍ leggur áherslu á að þegar í stað verði gripið til eftirfarandi aðgerða til að stuðla að aukinni atvinnu:

- Forgangsráða opinberum framkvæmdum þannig að ráðist verði í mannaflsfrekar framkvæmdir. Forgangsröðunin verði unnin í samráði við aðila vinnumarkaðarins.
- Heimildir íbúðalánasjóðs til lánveitinga vegna viðhaldsverkefna verði rýmkaðar þannig að þær nái til leiguhúsnæðis í eigu félaga, félagasamtaka og sveitarfélaga.
- Ríki, sveitarfélög og fyrirtæki nýti sér úrræði s.s. starfspjálfunarsamninga, reynsluráðningar, frumkvöðlaverkefni og námssamninga, sem felast í reglum um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir.
- Stofnanir og stjórnir sjóða á vegum hins opinbera gefi verkefnum sem hafa í för með sér fjölgun starfa meira vægi við afgreiðslu umsókna um styrki.
- Skapa aðstæður fyrir stofnun sérstaks fjárfestingarsjóðs sem hafi það hlutverk að koma að uppbyggingu atvinnulífsins m.a. með því að ljúka uppgjöri milli lífeyrissjóða og skilaneftnda bankanna. Mikilvægt er að sem flestir aðilar, innlendir og erlendir, komi að stofnun og rekstri slíks sjóðs.
- Stuðla að fjárfestingum erlendra aðila hérlendis.
- Skapa aðstæður fyrir íslensk framleiðslufyrirtæki á alþjóðamarkaði til að fjárfesta frekar innanlands en utan en óvissa og óstöðugleiki í íslensku efnahagslífi hafa latt þau til þess.

Efling atvinnulífsins

ASÍ telur mikilvægt að leggja grunn að öfluggu atvinnulífi til framtíðar með því að koma á efnahagslegum stöðugleika. Eina færa leiðin að því marki er að sækja um aðild að ESB og stefna að [upptöku evru](#) í kjölfarið. Slíkt er þó engin töfralausn sem leysir allan okkar vanda. Brynt er að ljúka

endurskipulagningu bankanna þannig að eðlileg bankastarfsemi komist á. Jafnframt er mikilvægt að samið verði við erlenda lánadrottna um að þeir eignist hlut í bönkunum á móti ríkinu.

Fyrirtæki þurfa eðlilega fyrirgreiðslu í bönkum til þess að geta starfað. Þess vegna er mikilvægt að bönkunum verði settar verklagsreglur sem tryggja fyrirtækjum jafnræði við endurfjármögnun. Jafnframt þurfa bankarnir að bjóða fyrirtækjum greiðslujöfnun gengis- og verðtryggðra skulda til að koma í veg fyrir greiðsluþrot. Samhliða þessu þarf að tryggja eðlilega lausafjármögnun fyrirtækja með því að stýrivextir lækki hratt og koma á endurkaupa- og afurðalánakerfi hjá Seðlabanka Íslands og tímabundnum útflutningsábyrgðum.

Öflugt samkeppniseftirlit og virk neytendavernd er forsenda heilbrigðs viðskiptalífs. Við núverandi aðstæður er því mikilvægt að vinna gegn því að rekstrarerfiðleikar og samruni fyrirtækja hafi skaðleg áhrif á samkeppni og auki hér fákeppni.

Ólafur Darri Andrason,
deildarstjóri hagdeildar ASÍ – oda@asi.is